

**REGLUGERÐ**  
**um skyldur og verkefni innlendra tilvísunarrannsóknarstofa**  
**vegna rannsókna á salmonellusýnum.**

1. gr.

Í viðauka við reglugerð þessa er mælt er fyrir um skyldur og verkefni innlendra tilvísunarrannsóknarstofa vegna rannsókna á salmonellusýnum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2004/564. Reglugerðin öðlast gildi 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. október 2011.*

**Jón Bjarnason.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

## I. VIÐAUKI

**Skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknarstofa fyrir salmonellu í hverju landi fyrir sig (NRL) samkvæmt tilskipun 2003/99/EB og reglugerð (EB) nr. 2160/2003.<sup>1</sup>**1. *Almennar skyldur:*

- a) Að starfa með tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins (CRL) á verksviði sínu.<sup>2</sup>
- b) Að samræma, eftir því sem við á, starfsemi rannsóknarstofa sem bera ábyrgð á greiningu á sýnum, einkum í samræmi við 4., 5. og 7. gr. tilskipunar 2003/99/EB.
- c) Að samræma starfsemi rannsóknarstofa sem bera ábyrgð á greiningu á sýnum í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.
- d) Að skipuleggja, eftir því sem við á, samanburðarprófanir á milli rannsóknarstofa, sem um getur í b- og c-lið og tryggja viðeigandi eftirfylgni slíkra samanburðarprófana.
- e) Að tryggja miðlun þeirra upplýsinga, sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins (CRL) lætur í té, til Matvælastofnunar og rannsóknarstofanna sem um getur í b- og c-lið.
- f) Að veita Matvælastofnun vísinda- og tækniaðstoð á verksviði sínu.

2. *Sértæk hlutverk og skyldur:*

- a) Að taka þátt, eftir því sem við á, í áætlunum um vöktun á salmonellu og næmi hennar fyrir sýklalyfjum samkvæmt tilskipun 2003/99/EB og í greiningu og prófunum m.t.t. salmonellu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2160/2003.
- b) Að halda, eftir því sem við á, þjálfunarnámskeið fyrir starfsfólk viðkomandi rannsóknarstofa.
- c) Að tilkynna tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins (CRL), eftir því sem við á, um atriði sem varða bóluefnisstofna gegn salmonellu og aðrar sértækar varnaraðferðir.
- d) Að safna gögnum og upplýsingum um starfsemi sem hefur verið þróuð og aðferðir sem eru notaðar hjá viðkomandi rannsóknarstofum og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.
- e) Að fylgjast grannt með þróun á sviði faraldsfræði salmonellu.

---

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2011

---

<sup>1</sup> Með tilvísunarrannsóknarstofu í hverju landi fyrir sig er átt við enska heitið „National reference laboratories“ skammstafað NRL.

<sup>2</sup> Með tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins er átt við enska heitið „Community reference laboratories“ skammstafað CRL.